



Mýrdalshreppur



## **Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028**

Lýsing skipulagsverkefnis og matslýsing  
DRÖG  
Febrúar 2013



Mýrdalshreppur

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps  
Skipulags- og matslýsing

---

**Verknúmer**

S:\2013\13120\1\Matslýsing\13120\_v13021\_matslýsing.docx

**Febrúar, 2013**

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	04.02. 2013	sdj	sgt	sgt



Mýrdalshreppur

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Lýsing skipulagsverkefnis</b>	<b>3</b>
1.1	Forsendur breytingar	3
<b>2</b>	<b>Matslýsing</b>	<b>4</b>
2.1	Matsskylda	4
2.2	Nálgun og áherslur matsvinnu	4
2.3	Tengsl við aðra áætlanagerð	4
2.4	Valkostir	5
2.5	Áhrifaþættir, umhverfispættir og gögn	5
<b>3</b>	<b>Framsetning skipulagsgagna</b>	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>Samráð og kynningar</b>	<b>5</b>
<b>5</b>	<b>Tímaáætlun</b>	<b>6</b>



## 1 Lýsing skipulagsverkefnis

### 1.1 Forsendur breytingar

Vegagerðin hyggst endurbyggja þau mannvirki sem skemmdust eða eyðilögðust í jökulhlaupi Múlakvíslar á Mýrdalssandi árið 2011. Jökulhlaupið rauf Þjóðveg 1. Endurbyggja þarf brú yfir Múlakvísl í sömu veglínu um 250 m austan við gömlu brúna og reisa efnismeiri og lengri varnargarða en voru til staðar fyrir jökulhlaupið. Varnargarðarnir munu rísa austan Múlakvíslar, norðan Þjóðveg 1 (sjá mynd 1.2).

Áætlað efnismagn til framkvæmda er um 360.000m<sup>3</sup> af mól, þar af er gert ráð fyrir að 320.000m<sup>3</sup> verði teknir úr farvegi Múlakvíslar ofan brúar, vestan árinna og um 40.000m<sup>3</sup> úr nýjum farvegi við brúna.

Vegna þessara framkvæmda hefur Mýrdalshreppur ákveðið að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin snýr að því að endurskilgreina það magn sem leyfilegt verður að taka úr efnisnámu í farvegi Múlakvíslar og staðsetja nýja varnargarða. Að öðru leyti eru forsendur skipulagsins óbreyttar og falla breytingar að markmiðum og stefnumótun sem fram koma í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Breyting aðalskipulags felur í sér:

1. Skilgreina heimild til efnistöku úr Múlakvísl
2. Gera grein fyrir nýjum varnargörðum í Múlakvísl
3. Gera grein fyrir breytingu á legu ljósleiðara
4. Sýna efnistökusvæði og varnargarða á sveitarfélagsupprætti.
5. Umhverfismat skipulagsbreytinganna

#### 1. Heimild til efnistöku

Áhersla skipulagsvinnu verður á að stækka efnistökusvæði E8 í farvegi Múlakvíslar norðan Þjóðveg 1. Einnig verður afmarkað tímabundið efnistökusvæði við nýtt brúarstæði (E20).

Ráðgert er að heimila allt að 500.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr námu E8 í stað 10.000 til 25.000 m<sup>3</sup>. Megin tilgangur efnisnáms er gerð varnargarða.

#### 2. Varnargarðar

Afmarkaðir verða nýir varnargarðar á skipulagi. Tilgangur þeirra er að stýra rennsli Múlakvíslar og verja mannvirki og land. Varnargarðar verða um 5.200 m að lengd og munu liggja til norðausturs.

#### 3. Ljósleiðari


Breyting á legu ljósleiðara á gildandi sveitarfélagsupprætti. Gert er ráð fyrir að legan verði færð allt að 600 m til suðurs þar sem hann þverar Múlakvísl. Ljósleiðari fór í sundur í jökulhlaupinu 2011.

#### 4. Sveitarfélagsuppráttur

Afmörkun efnistökusvæða og varnargarða er sýnd á breyttum sveitarfélagsupprætti.


#### 5. Umhverfismat

Breytingarnar á aðalskipulagi eru háðar lögum um umhverfismat áætlana. Þar af leiðandi verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum vegna breytinganna.



Aðalskipulag Mýrdalshrepps, í gildi Mkv:1:10.000 [A3]

Mynd1.1. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.



Tillaga að breytingu Mkv:1:10.000 [A3]

Mynd 1.2. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

## 2 Matslýsing

### 2.1 Matsskylda

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna þar sem skipulagið:

- ▶ markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
- ▶ er undirbúin eða samþykkt af stjórnvöldum og
- ▶ unnið samkvæmt lögum.

### 2.2 Nálgun og áherslur matsvinnu

Umhverfisskýrsla verður hluti greinargerðar með breytingu á aðalskipulaginu. Þar verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi sem snúa að efnistöku vegna byggingu á nýrri brú yfir Múlakvísl og varnargarða austan Múlakvíslar.

Áhersla matsvinnu verður á umfjöllun um áhrif efnistöku og varnargarða á ásynd landslags. Lagðar verða til mótvægisáðgerðir og vöktun sé þess talin þörf.

Fjallað verður um mögulega ásynd varnargarða og efnistökusvæða. Áherslan verður á ásynd frá Þjóðvegi 1 og sýna hvers konar varnargarða sé um að ræða. Efnistökusvæði verða afmörkuð ljósmyndum.

### 2.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Breyting á aðalskipulaginu snýst fyrst og fremst um efnistöku vegna framkvæmda við byggingu á nýrri brú og varnargarði. Þessi breyting mun ekki hafa áhrif á aðra áætlanagerð eða breyta samræmi aðalskipulagsins við aðrar áætlanir.



## 2.4 Valkostir

Markmið matsvinnu er að fá fram upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif vegna efnistöku og varnargarða í farvegi Múlakvíslar. Ekki eru lagðir fram valkostir til samanburðar en Vegagerðin hefur í forathugun afmarkað valkosti til efnistöku, fyrst og fremst m.t.t. til efnisgæða. Efni sem hentar best til byggingu varnargarða, þ.e. réttar kornastærðir, er að finna í vesturhluta Múlakvíslar. Aðrir kostir eru ekki raunhæfir eða taldir valda minni umhverfisáhrifum á þessu stigi og verða því ekki til frekari skoðunar.

## 2.5 Áhrifaþættir, umhverfisþættir og gögn

Áhrifaþættir aðalskipulagsbreytingar eru efnistaka og varnargarðar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar dags. 30.01 2013 kemur fram að stofnunin telur ekki þörf á að fjalla um áhrif efnistökkunnar á gróður, fuglalíf, landdýr, fiska, fornneifar og útivist. Sama mun gilda um aðalskipulagsbreytinguna.

Áhersla verður lögð á að meta áhrif efnistökkunnar og varnargarða á ásýnd landslags.

Helstu gögn um framkvæmdir koma frá Vegagerðinni. Að öðru leyti verður stuðst við fyrirliggjandi gögn og þekkingu.

## 3 Framsetning skipulagsgagna

Breytingin verður kynnt og lögð fram á uppdrætti, sem einnig inniheldur greinargerð og umhverfisskýrslu.

## 4 Samráð og kynningar

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúum og helstu umsagnaraðilum verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Öll gögn skipulagsbreytingar, þ.e. (1) lýsing verkefnis og matslýsing, (2) drög að aðalskipulagsbreytingu, og (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu verða aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is).

Sveitarfélagið mun auglýsa kynningu á skipulagsgögnum.

Helstu umsagnaraðilar skipulagsgagna eru:

- ▶ Fornleifavernd ríkisins
- ▶ Landgræðsla
- ▶ Matvælastofnun Íslands
- ▶ Rangárþing eystra
- ▶ Skaftárhreppur
- ▶ Skipulagsstofnun
- ▶ Umhverfisstofnun
- ▶ Vegagerðin
- ▶ Orkustofnun

Hægt verður að senda ábendingar á netfang sveitarstjóra Mýrdalshrepps, Ásgeirs Magnússonar, sveitarstjóri@vik.is eða athugasemdir merktar Aðalskipulag Mýrdalshrepps á pósthfangið, Skrifstofa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík.



## 5 Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka skipulagsvinnu eins fljótt og auðið er, þannig að unnt verði að hefja framkvæmdir við varnargarða sem fyrst. Til að það gangi eftir þurfa helstu áfangar skipulagsins að vera eftirfarandi:

- ▶ Febrúar: Kynning á lýsingu verkefnis og matslýsingu og kynning á drögum að skipulagsbreytingu ásamt drögum að umhverfisskýrslu.
- ▶ Mars-Apríl: Auglýsing á tillögu að aðalskipulagsbreytingu (6 vikur).
- ▶ Apríl: Tillaga að aðalskipulagi í afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun.
- ▶ Maí: Staðfesting Skipulagsstofnunar á gildistöku aðalskipulagsbreytingar.